

Nr. 071 / 12 Eyjólfur Ólafsson GK 38**Stjórnandi sofnað og strandar**

Skipaskr.nr. 2175
 Smíðaður: Hafnarfirði 1992, plast
 Stærð: 7 brl. 7,7 bt.
 Mesta lengd: 9,0 m Skráð lengd: 8,98 m
 Breidd: 3,08 m Dýpt: 1,4 m
 Vél: Cummins 1997, 187 kW
 Fjöldi skipverja: 1



Eyjólfur Ólafsson©Jón Sigurðsson

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. júlí 2012 var Eyjólfur Ólafsson GK 38 á siglingu til Skagastrandar. Veður: Hægur andvari og nálægt fjöruliggjanda.

Bátsverjinn hafði við handfæraveiðar á Sveinbjarnargrunni fengið færaöngul djúpt í hendina og gat ekki losað hann. Hann fékk sér verkjalyf og ákvað að sigla til Skagastrandar, u.þ.b. 40 sml., en á leiðinni sofnaði hann með þeim afleiðingum að báturinn strandaði kl. 15:10, á stað 65°50'137N og 020°19'193V, á norðanverðum Spákonufellshöfða.




Eyjólfur Ólafsson á strandstað©Lögreglan

Bátsverjinn vaknaði við að báturinn var kominn inn á milli skerja og farinn að snerta þarabotn. Um það leyti sem báturinn strandaði hafði bátsverjinn reynt að setja vélina í afturábak en þá sat báturinn fastur. Hann drap á vélinni til að koma í veg fyrir skemmdir og óskaði eftir aðstoð.

Í atgangnum hafði öngullinn farið enn dýpra í hendi bátsverjans og hann slasast á fæti við fall. Fóru björgunarsveitarnir með hann til læknis á Blönduósi. Um leið og fór að flæða undir bátinn var sett tóg í hann og hann dreginn út og til Skagastrandar.

Engar skemmdir urðu á bol bátsins en þegar vélin var sett harkalega í afturábak við strandið brotnaði öryggissplitti við gír.



Ferill og strandstaður bátsins

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var á 6,2 hnúta hraða þegar hann snerti grunn;
- að síðasta veiðiferð bátsins var 29. júní og hafði bátsverjinn verið í frí frá þeim tíma og kvaðst hann hafa verið vel hvíldur. Hann hafði komið til Skagastrandar um kl. 22:00 að kvöldi 1. júlí og farið í veiðiferðina um kl. 01:00 um nóttina. Hann kvaðst hafa hvílt sig um tvær klst. áður enn hann hóf veiðar um kl. 06:00;
- að vegna forfalla var bátsverjinn einn í þessari ferð en hann sagði að þeir væru oftast tveir eða jafnvel þrír saman um borð;
- að siglingatæki um borð voru með viðvörunarbúnaði en hann var ekki notaður.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var sú að stjórnandi bátsins sofnaði á vaktinni.